



## Fundargerð 2. fundar notendahóps greiningaraðila

Fundurinn var haldinn hjá Hagstofu Íslands þriðjudaginn 10. maí 2016 milli 10:00 og 11:00.

Notendur sem mættu á fundinn voru:

Greiningaraðilar	Fyrirtæki/ stofnun
Gústaf Steingrímsson	Landsbankinn
Magnús Stefánsson	Landsbankinn
Hrafn Steinarsson	Arion banki
Marinó Melsted	Hagstofa Íslands – Þjóðhagsspá
Brynjar Örn Ólafsson	Hagstofa Íslands – Þjóðhagsspá
Ólafur Garðar Halldórsson	Samtök atvinnulífsins
Hörður Garðarsson	Seðlabanki Íslands
Anna Olsen	Fjármálaráðuneytið
Sigurður Jóhannesson	Hagfræðistofnun HÍ

Fulltrúar frá Íslandsbanka, Analytica, IFS, ASÍ voru einnig boðaðir en komust ekki.

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn:

Frá Hagstofu Íslands	Staða
Auður Ó. Svavarsdóttir	Deildarstjóri – Utanríkisverslun
Böðvar Þórisson	Sviðsstjóri – Fyrirtækjasvið
Gunnar Axel Axelsson	Deildarstjóri – Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál
Hrafnhildur Arnkelsdóttir	Sviðsstjóri – Félagsmálasvið
Magnús Kári Bergmann	Deildarstjóri - Fyrirtækjatölfræði
Margrét K. Indriðadóttir	Deildarstjóri – Laun, tekjur og menntun
Lárus Blöndal	Deildarstjóri – Atvinna, lífskjör og mannfjöldi
Reynir Kristjánsson	Gæðastjóri
Sigurlilja Albertsdóttir	Sérfræðingur – Þjóðhagsreikningar
Tryggvi Björgvinsson	Deildarstjóri – Upplýsingatækni og miðlun

Fundarstjóri var Reynir Kristjánsson.

Dagskrá

1. Staða umbótaverkefna
2. Framtíðarskipulag notendahópsins

### Fundargerð

1. Fundarstjóri bauð fundarmenn velkomna á þennan annan fund notendahóps greiningaraðila.

Þau umbótatækifæri sem fengu flest stig í forgangs röðun á notendafundi með greiningaraðilum 18. nóvember 2015 voru (tölur í svigum eru stigin sem voru gefin í forgangs röðuninni):

(8) Viðmót – tæknilegt (geta nálgast nýrri gildi auðveldlega úr efnahagslegum skammtímatölum; XML live gögn; beint aðgengi að gagnagrunni).

(8) Aukið niðurbrot (nýjustu tölur úr útflutningi, mánaðarleg gögn [tímانيðurbrot]; fjárfesting, niðurbrot eftir atvinnugreinum; auka niðurbrot, t.d. vinnumarkaður, kynskipta niður á búsetu o.fl.; velta greiðslukorta flokkuð á undirflokk; innflutningur eftir hagrænni flokkun BEC innan árs í tonnum, meira niðurbrot úr launarannsókn, t.d. niður á starfahópa; stöðugildi/ unnir tímar ÍSAT-flokkað; auka niðurbrot eftir atvinnugreinum).

(8) Aukin tíðni (mánaðarleg gögn úr sundurliðaðri launavísitölu; ársfjórðungslegt framleiðsluuppgjör; mánaðarlegar VSK tölur; launakostnaðarvísitala mánaðarleg).

(7) Meira úr VMR (flæði á vinnumarkaði; meiri úrvinnsla úr vinnumarkaðskönnun; hægt að greina hið opinbera í vinnumarkaðskönnun).

(6) Gögn frá öðrum sem Hagstofan miðlar áfram (bifreiðar í umferð á hverjum tíma, atvinnuhúsnæði – byggingar; gögn frá Samgöngustofu – leyfi, bílaleigur o.fl.; nýta gögn frá öðrum, t.d. Vinnuálastofnun; atvinnuhúsnæði – nýting; gögn frá Þjóðskrá – fasteignamarkaður).

Á fundinum var farið yfir stöðu þessara verkefna:

Umbótatækifæri	STAÐA
Viðmót – tæknilegt (geta nálgast nýrri gildi auðveldlega úr efnahagslegum skammtímatölum; XML live gögn; beint aðgengi að gagnagrunni)	Með nýrri útgáfu af vefnum sem var opnaður 20. október er nú mögulegt að tengja kerfi beint við talnaefni í gegnum JSON fyrirspurn sem styður m.a. JSON, XML, CSV og PX gagnaskil. Tengingarnar eru gerðar á hverja töflu fyrir sig. Deildarstjóri Upplýsingatækni og miðlunar útskýrði hvernig hægt er að tengjast beint við gögn Hagstofunnar í gegnum vefinn.
Samfella í tímaröðum – atvinnugreinaflokkun	Í vinnslu.
Meira úr VMR – flæði á vinnumarkaði – hægt að greina hið opinbera	Í vinnslu.
Auka niðurbrot, t.d. vinnumarkaður – kynjaskipta niður á búsetu o.fl.	Í vinnslu.
Nýrri upplýsingar úr ársreikningum	Unnið er að því að birta gögn úr rekstrarframtölum fyrirtækja, við reiknum með að birta upplýsingar um rekstrar- og efnahagsyfirlit atvinnugreina í maí með tölum til ársins 2014. Upplýsingar fyrir 2015 reiknum við svo með að birta í nóvember.
Mánaðarlegar VSK-tölur	Verða ekki til á meðan VSK skilin eru á tveggja mánaða fresti. Hins vegar er unnið að því að fá mánaðarleg kortagögn og þá bindum við vonir til að geta unnið mánaðarlega veltuvísitölu í ákveðnum atvinnugreinum. Hversu miklar upplýsingar við getum birt ætti að skýrast á haustmánuðum.
Auka niðurbrot eftir atvinnugreinum	Við höfum verið að auka niðurbrot eftir atvinnugreinum, t.d. í birtingu á VSK veltu. Við munum halda því áfram samhliða birtingu á nýjum upplýsingum.
Tölfræði upp úr staðgreiðsluskrá (tímanleiki)	Reiknað er með að birta mánaðarlega tölur yfir fjölda launagreiðenda og launþega brotið niður eftir atvinnugreinum. Í fyrstu ná þessi gögn eingöngu til einkageirans en ekki ríkis- og sveitarfélaga. Ekki hefur verið ákveðið hversu mikið niðurbrot eftir atvinnugreinum verður í þessari töflu en hún mun verða upp-

	færð mánaðarlega u.þ.b. 40 dögum frá lokum viðmiðunar-tímabils. Vonast er til að geta komið þessu í reglulega birtingu í sumar, síðasta lagi í haust.
Tölfræði upp úr staðgreiðsluskra (tímanleiki)	Einnig er stefnt að því að birta tímanlegar upplýsingar um tekjur og fjölda starfandi á árinu.
Mánaðarleg gögn úr sundurliðaðri launavísitölu	Í vinnslu. Áætluð birting á 3-4 ársfjórðungi þessa árs.
Stöðugildi/ unnir tímar ÍSAT-flokkað	Í vinnslu. Áætluð birting á árinu.
Meira niðurbrot úr launarrannsókn t.d. niður á starfahópa	Í vinnslu. Áætluð birting á árinu.
Nýjustu tölur úr útflutningi – mánaðarleg gögn [en ekki aðeins viðkomandi mánuður og uppsafnað frá áramótum]	Á þessu ári verður öll birting talna um vöruviðskipti á vef Hagstofunnar endurbætt að þessu meðtöldu.
Vöruviðskipti á þjóðhagsreikningagrunni (mánaðarleg)	Frá 2017 á samkvæmt reglugerð að gefa út mánaðarlegar tölur fyrir vöruviðskipti (á greiðslujafnaðargrunni = þjóðhagsreikningagrunni) og þjónustuviðskipti. Í fjárlagatillögum ársins 2017 var lögð fram beiðni um fjármögnun þessa og ef hún fæst verða þessar upplýsingar gefnar út 2017.
Samfella í tímaröðum – ferðapjónusta gjaldeyrstekjur	Ef þetta vísar til sögulegra talna þá hefur Hagstofan aðeins sögulegar tölur um þjónustu aftur til 2009 þegar Hagstofan tók verkefnið yfir frá Seðlabankanum.
Innflutningur eftir hagrænni flokkun BEC innan árs í tonnum	Á þessu ári verður öll birting talna um vöruviðskipti á vef Hagstofu endurbætt að þessu atriði meðtöldu.
Velta greiðslukorta flokkuð á undirflokk	Verið er að vinna nákvæmari upplýsingar úr greiðslukortum sem ekki er fyrirséð hvenær lýkur. Gott væri að fá upplýsingar um hvaða undirflokk er óskað eftir.
Ársfjórðungslegar Fishervísitölur – innfl. – útfl. – uppfærðar	Staðið hefur yfir endurskoðun á vísitölunum og miðað er að því að birta endurskoðaðar vísitölur í maí.
Fjárfesting – niðurbrot eftir atvinnugreinum	Fjárfesting er birt eftir atvinnugreinum. Í dag er miðað við ÍSAT-95 atvinnugreinaflokkunina en unnið er að yfirfærslu í ÍSAT-2008. Áætluð verklok: september 2016.
Ársfjórðungslegt framleiðsluuppgjör	Í bígerð en ekki komin tímaáætlun né áætluð verklok.
Framleiðsluuppgjör – bráðabirgðatölur fyrir atvinnugreinar	Nú þegar eru birtar bráðabirgðatölur um atvinnugreinar, sem hlutföll af landsframleiðslu.
Framleiðsla atvinnuvega í VLF	Óljóst hvaða umræða lá að baki þessari ábendingu á sínum tíma en Hagstofa Íslands birtir nú þegar framleiðsluvirði eftir atvinnugreinum aftur til ársins 1997, sem og vinnsluvirði, aðföng, afskriftir, laun o.s.fv.

2. Ákveðið var að halda næsta fund í september 2016 og hafa hann á vinnustofuformi þar sem umbótahugmyndir verða ræddar og þeim forgangsraðað. Takturinn gæti því verið þessi: Umbótahugmyndir og forgangsröðun á haustin; stöðutaka umbótaverkefna á vorin.